



Skýrsla sveitarstjóra Sveitarstjórnarfundur -9. janúar 2018-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

Bíodísel:

Vinna EFLU við hagkvæmnisathugun við uppsetningu Bíodísel verksmiðju á Blönduósi liggur nú fyrir. Forseti og sveitarstjóri áttu fund með forsvarsmanni KS þar sem kynntar voru niðurstöður hagkvæmisathugunarinnar.

Kvennaskóli:

Óskað var eftir því í vor við fjárlaganefnd að ljúka gerð 3 ára samnings milli stjórnvalda og Bs. um menningu og atvinnumál um viðhaldsfé til Kvennaskólans. Fjárlaganefnd og mennta-og menningarmálaráðuneytið eru að skoða málið og er vonast til að úr þessu verði skorið á næstu vikum. Fjárlög ársins 2018 gera ráð fyrir 25 m.kr. framkvæmdafé frá ríkinu til framkvæmda á Kvennaskólalóðinni. Stefnt er að því að ljúka við Árbraut 33 á næsta ári og eins að hefja framkvæmdir við „Lönguvitleysu“ á árinu en það rými verður notað undir vinnustofur fyrir listamenn.

Sameining sveitarfélaga í A-Hún.

Þann 6. desember var haldinn fundur í Samstarfsnefnd sveitarfélaga í A-Hún. á Blönduósi. Fundurinn samþykkti að ráða verksins sem ráðgjafa Ráðríkar ehf. Rætt var um að óska eftir upplýsingum frá Jöfnunarsjóði um jöfnunarsjóðsframlag vegna vinnu við sameiningarinnar og jafnframt rætt að ná samtali við stjórnvöld um hvata í atvinnu-og byggðamálum sem sveitarfélögin geti sameinist um. Jafnframt var rætt um aðkomu ríkisins að uppbyggingu innviða í tengslum við sameininguna eða hvata því tengt.



Þekkingarsetrið á Blönduósi:

Samningur til næstu 3 ára við ráðuneytið er burðarliðnum. Lögð verður áhersla á sérstöðu svæðisins í því sambandi og þá sérstaklega textíllinn. Töluvert hefur verið unnið að því að skilgreina betur verkswið hvers og eins þeirra starfsmanna sem vinna í Kvennaskólanum. Ljóst er að rými Kvennaskólans er farið að standa starfseminni fyrir þrifum og nauðsynlegt að ráðast í frekari framkvæmdir sem fyrst.

Sveitarstjóri og framkvæmdastjóri Þekkingarsetursins áttu fund með mennta-og menningarmálaráðuneytið varðandi framlag ríkisins til næstu þriggja ára til Þekkingarsetursins. Samningur þess efnis ætti að liggja fyrir á næstu vikum.

Í þessari viku verður auglýst staða forstöðumanns Þekkingarsetursins laust til umóknar. Katharina Schneider mun áfram starfa fyrir Þekkingarsetrið en í öðru hlutverki.

Fólksfjöldi á Blönduósi

Mannfjöldi á Blönduósi er 899 í árslok 2017 en það gerir 4% fjölgun á milli ára.

Framkvæmdir:

Félagsheimilið

Verið er að endurbæta eldhúsið í Félagsheimilinu en það hefur verið á undanþágu um nokkurt skeið þar sem búnaður og innréttingar þar voru úr sér gengnar. Fjarlægðar voru allar innréttingar og settur upp veggur í eldhúsinu sem aðskilur þvottarými og leirtau frá eldamennsku og meðhöndlun matvæla. Þá er settur upp háfur yfir eldvél og ofni. Aðkoma að ræstikompu er færð fram á ganginn framan við eldhúsið og hinu hurðargatinu lokað en ekki er heimilt að farið sé í ræstikompu í gegnum eldhús. Þá er komið fyrir sérstakri handlaug til handþvotta. Þá verða eldhús, gangur og fleiri rými máluð. Gólfíð í salnum verður slípað og lakkað að nýju. Lokið verður við verkið í janúarmánuði.

Blönduskóli

Unnið er að undirbúningi fyrir nýja smíðastofu sem verður í hluta af gömlu búningklefum gömlu sundlaugarinnar. Þessa daganna er verið að endurrýna hönnunarforsendur og skoða mögulegar áfangaskiptingar með tilliti til þess að þróa skólahúsnæðið til framtíðar í tengslum við þessar framkvæmdir. Sérstaklega er verið að rýna allt flæði í skólanum sem



einkennist af ranghölum og verið að skoða hvort ekki megi nýta betur þá ganga sem eru og opna á milli þeirra. Verður niðurstaða þessar skoðuna kynnt frekar þegar hún liggur fyrir. Stefnt er að því að framkvæmdir við smíðastofuna geti hafist á vormánuðum og hún verði tekin í gagnid á næsta skólaári.

Framkvæmdir við leiguíbúðir

Haldið verður áfram framkvæmdum við Hnjúkabyggð 27 (blokkina) og er stefnt að því að ljúka við málun og endurbætur á húsinu utan húss á árinu. Þá er stefnt að því að endurnýja amk. tvær eldhúsinnréttingar og verðum við hálfnuð að endurnýja eldhúsinnréttingar í íbúðum okkar þegar því líkur en Blönduósbær á 10 íbúðir í blokkinni. Þess má geta að íbúðirnar eru orðnar yfir 40 ára gamlar og því mikilvægt að vinna að endurnýjun þeirra eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá er til skoðunar að gera úrbætur á leiguíbúð í Húnabraut 42 vegna aðgengis fatlaðs einstaklings að baðherbergi í íbúðinni en breytingin er sú að setja sturtu í stað baðkars.

Unnið hefur verið að stofnun húsfélaga á Skúlabraut og hefur þegar verið haldin einn stofnfundur. Stefnt er að því ljúka stofnun tveggja annara húsfélaga í janúarmánuði. Við stofnun húsfélanna taka íbúarnir sjálfir yfir sameiginlegan rekstur á lóð húsanna og færast ábyrgð og framkvæmd verkefna við þær til eigendanna en hann hefur verið í umsjón Blönduósbæjar.

Íbúafundur

Annar fundur um verndarsvæði í byggð verður haldinn 17. janúar nk. þar sem drög að tillögu um verndarsvæði í gamla bænum á Blönduósi verður kynnt. Fyrri fundur var haldin í október og var vel sóttur. Ástæða er til þess að hvetja sveitarstjórnarfulltrúa til að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum og stefnumörkun. Fundurinn verður í Félagsheimilinu og hefst kl. 17:00.